

## Úr skugga kjarnorkuvopna

„Í aldanna rás hafa örfáar ómetanlegar raddir heyrst hrópa á réttlæti. Nú sem aldrei fyrr verða þessar raddir að yfirgnæfa háværar öldur ofbeldis og haturs.“

Þessi eftirminnilegu orð eru höfð eftir Dr. Rotblat sem var í mörg ár í forsvari fyrir Pugwash ráðstefnurnar. Pugwash eru alþjóðleg samtök sem vinna að friði og útrýmingu kjarnorkuvopna. Rotblat lést í ágúst árið 2005 en þá voru 60 ár frá því að kjarnorkusprengrunum var varpað á Hiroshima og Nagasaki. Síðustu ár ævi sinnar lýsti hann ítrekað yfir áhyggjum sínum vegna langvarandi stöðnunar sem honum fannst vera á útrýmingu kjarnorkuvopna og aukinni hættu á útbreiðslu þeirra.

Sú ógnvekjandi þróun sem hefur orðið í hernaðartækni hefur gjörsneytt stríðsrekstur mannlegum tilfinningum og veruleika. Á svipstundu eru ómetanleg mannlíf hrifin á brott og heimili fólks lögð í rúst. Í þessum hrikalega heimi ofbeldis hefur mannlíf ekki meira vægi en ómerkilegir hlutir.

Andspænis þessari ógnvekjandi þróun ríkir vaxandi örvænting og vanmáttur innan alþjóðasamfélagsins. Fólk er jafnvel farið að líta á afnám kjarnorkuvopna sem óraunhæfa draumóra.

Friður er barátta milli örvæntingar og vonar, milli vanmáttar og óbilandi staðfestu. Ef fólk upplifir sig vanmáttugt til að breyta og hafa áhrif eru meiri líkur á að það grípi á endanum til ofbeldis.

Það voru mennirnir sem sköpuðu þessi tortímingartól því getur það ekki verið ofar mannlegri visku að eyða þeim.

Pugwash ráðstefnurnar voru fyrst haldnar árið 1957. Það ár hélt kjarnorukapphlaupið heiminum í heljargreipum. Í september sama ár kallaði lærifaðir minn, Josei Toda, eftir afnámi kjarnorkuvopna. Toda gaf út yfirlýsingu sína á fundi 50.000 ungmenna í Yokohama. Þar segir m.a.:

„Í dag hefur orðið til alþjóðleg hreyfing sem kallar eftir banni við frekari tilraunum með kjarnorkuvopn. Það er ósk mín að við stígum skrefið enn lengra. Ég vil afhjúpa það sem liggur að baki slíkri vopnaframleiðslu og fjarlægja það tangarhald sem hún hefur.“

Toda afneitaði kjarnorkuvopnum á svo afgerandi hátt vegna þess að hann var staðráðinn í að gera fólki ljóst að vopn af þessu tagi eru í eðli sínu af hinu illa – þau virða að vettugi og grafa undan sameiginlegum rétti mannkynsins til lífsins.

Hið tilfinningaþrungna ákall Toda var sprottið af heimspekilegum skilningi hans á innra eðli lífsins. Hann varaði við öfgafullri eiginhagsmunahyggju sem leitast við að knéþeygja aðra að eigin vilja. Hann sá þessa tilhneigingu endurspeglast í vilja ríkisstjórna til þess að eignast þessi tortímingarvopn.

Sú hugmynd að kjarnorkuvopn komi í veg fyrir styrjaldir og séu því ill nauðsyn stendur í vegi fyrir útrýmingu þeirra. Við verðum að snúast af alefli gegn slíkri hugmynd.

Vegna þess að Toda áleit kjarnorkuvopn vera af hinu illa var hann fær um að yfirstíga hvers kyns hugmyndafræði og þjóðarhagsmuni. Hann lét valdapólitík aldrei villa sér sýn. Nú, hálfri öld síðar, er aftur farið að tala um fælingarmátt kjarnorkuvopna og „takmarkað“ kjarnorkustríð. Ég er sannfærður um að þetta einlæga ákall Toda, sem sprottið var frá hans dýpstu hjartans rótum, sé í dag jafnvel enn mikilvægara leiðarljós fyrir mannkynið.

Ef okkur á að takast að útrýma kjarnorkuvopnum er þörf á grundvallar hugarfarsbreytingu hjá fólki. Frá því að kjarnorkusprengjunum var varpað hafa þau sem lifðu af, breytt örvæntingu sinni í hlutverk með því að kalla sleitulaust eftir útrýmingu kjarnorkuvopna. Það er sameiginleg ábyrgð okkar og skylda að halda áfram því háleita starfi og yfirfæra það á baráttu gegn öllum stríðsrekstri.

Árið 1982 þegar Kaldastríðið stóð sem hæst skipulögðu SGI samtökin sýninguna „Kjarnorkuvopn: Ógn við heimsbyggðina“ í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York. Tilgangurinn með slíkum aðgerðum er að vekja von og baráttuanda í hjörtum þeirra sem þrá frið.

Til þess að styrkja enn frekar samstöðu slíkra grasrótahreyfinga legg ég til að áratugur verði helgaður málefniinu sem „Áratugur aðgerða til að útrýma kjarnorkuvopnum“ og að alþjóðleg ráðstefna um afnám kjarnorkuvopna verði haldin sem allra fyrst.

Það er unga fólkið sem tekst á við áskoranir og tækifæri framtíðar. Það væri því heillavænlegt að halda ungmennafund á undan árlegum allsherjarfundi SP til þess að leiðtogar heimsins fengju tækifæri til að hlýða á sjónarmið komandi kynslóðar.

Það að lýsa yfir eindreginni andstöðu við stríð og kjarnorkuvopn er æðsta tjáning mannlegrar skynsemi sem byggist á óhagganlegri virðingu fyrir lífinu.

Þar sem þær hörmulegu staðreyndir um útbreiðslu kjarnorkuvopna blasa við verðum við að treysta á kraft vonarinnar sem býr innra með hverjum einstaklingi. Það er sá umbreytingarkraftur sem getur umsnúið jafnvel erfiðustu aðstæðum.

Til að komast úr skugga kjarnorkuvopnanna er nauðsynlegt að hugarfarsbylting eigi sér stað hjá fjölda einstaklinga, sem vekur upp þá einlægu sannfæringu að „ég geti haft áhrif.“ Þá munum við loksins sjá jarðarbúa taka höndum saman og heyra þá einróma krefjast þess að endir verði bundinn á þetta brjálæði eyðileggingar.

*Daisaku Ikeda forseti SGI*

*Birt í Morgunblaðinu 9.ágúst 2007*